


Ísland vinnur „vísinda- og nýsköpunarkapphlaupið” í Evrópu 2004

Framkvæmdastjórn [Evrópusambandsins](#) birti niðurstöður samanburðakönnunar á frammistöðu ríkja á [Evrópska efnahagssvæðinu](#) á sviði rannsókna og nýsköpunar nú í desember sl. Metin er staða hvers lands á tuttugu mismunandi sviðum og mælt bæði hvernig staða þess er árið 2004 og hraða breytinga á stöðu þess frá síðustu mælingu 2003. Meðfylgjandi línurit sýnir að þegar allt er dregið saman í einn samsettan heildamælikvarða erum við í 4.-6. sæti með Dönnum og Þjóðverjum en Finnar, Svíar og Svisslendingar eru í 1.-3. sæti. Þegar litið er til hraða breytinga eða framfara frá síðustu mælingu eru þær langhraðastar hér á landi eða um 23% á milli ára meðan þær eru um 6% að meðaltali í Evrópu.

Mælt á 11 af 20 þessara kvarða skörum við vel fram úr meðaltalinu, í fjórum þeirra erum við nálægt meðallagi en við erum aftarlega mælt á 5 þessara mælikvarða. Þar kynni að þurfa að taka til hendinni, sérstaklega í frammistöðu á sviði hátækni framleiðslu og vörubúnaðar. Sömuleiðis er aðgangur að áhættufé til fjárfestinga í hátækni enn takmarkaður. Athygli vekur þó að íslenskir aðilar standa sig vel í öflun einkaleyfa, bæði í Bandaríkjunum og Evrópu, miðað við önnur Evrópulönd. Sama gildir um opinberar fjárveitingar til rannsókna og þátttöku Íslendinga í endurmenntun.

Þetta mat, ásamt fleiri mælikvörðum til að meta stöðu okkar á sviði vísinda- og tækni, gefur vissulega tilefni til að gleðjast yfir frammistöðu Íslands. Jafnframt að



Á myndinni má sjá að Ísland er í 4. – 6. sæti yfir frammistöðu ríkja á Evrópska efnahagssvæðinu á sviði rannsókna og nýsköpunar

meta hvernig þetta nýtist og hvað hægt er að gera betur því svona mælikvarðar eru ekki einhlítir.



Cherie Booth Blair og Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir

Fundaði með Cherie Blair í Downing-stræti

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, menntamálaráðherra, átti á þriðjudag einkafund í Downingstræti 10 í London með Cherie Booth Blair, lögmanni og eiginkonu Tony Blairs, forsætisráðherra Bretlands. Blair og Þorgerður Katrín kynntust er sú síðarnefnda kom hingað til lands síðastliðið sumar til að taka þátt í málþinginu Konur, völd og lögin. Einnig opnaði Cherie Booth Blair sýninguna Ferð að yfirborði jarðar með verkum hinar bresku Boyle-fjölskyldu í Listasafni Akureyrar. Í kjölfar Íslandsheimsóknarinnar barst Þorgerði Katrín boð um að heimsækja Cherie Blair er hún ætti leið um London.

Af því varð nú í vikunni er menntamálaráðherra sat ráðstefnu í London um skólamál í boði menntamálaráðherra Bretlands. „Þetta var mjög ánægjuleg heimsókn og skemmtileg upplifun að koma í Downing-stræti. Við áttum um klukkustundarlangan fund og ræddum m.a. jafnréttismál og stjórnsmál,” sagði Þorgerður Katrín.

Mótun nýrrar íþróttastefnu

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, menntamálaráðherra, hefur skipað starfshóp til þess að fara yfir íþróttamál á Íslandi með það að markmiði að móta íþróttastefnu. Starfshópurinn skal skila skýrslu til menntamálaráðherra fyrir 1. september 2005 og skoða eftirfarandi atriði:

- Fara yfir það hlutverk sem ríki, sveitarfélög og frjáls félagasamtök gegna í íþróttamálum með það að markmiði að fá skýra mynd af þeirri verkaskiptingu sem nú er uppi og meta út frá því hvernig stuðningur ríkisins nýtist sem best íþróttalífi í landinu. Í því sambandi skal starfshópurinn m.a. skoða sérstaklega skipulag íþróttahreyfingarinnar.
- Ræða stöðu keppnisíþróttar og almenningsíþróttar og hvernig best verði hlúð að þessum tveimur stöðum íþróttaiðkunar á Íslandi.
- Meta hin efnahagslegu áhrif íþróttastarfsins á Íslandi.
- Fara yfir gildi íþróttar í forvarnarskyni í ljósi rannsókna á sviði forvarna og reyna að meta þann árangur sem náðst hefur hér á landi.
- Kynna sér þau markmið er önnur Evrópuríki hafa sett sér varðandi íþróttastefnu. Sérstaklega skal huga að stefnumörkun er átt hefur sér stað á vettvangi Evrópuráðsins.

Starfshópurinn er þannig skipaður: Guðlaugur Þór Þórðarson, alþingismaður og borgarfulltrúi, án tilnefningar, formaður. Ellert B. Schram, forseti ÍSÍ, tilnefndur af Íþrótt- og Ólympíusambandi Íslands, Lárus Blöndal, ritari ÍSÍ, tilnefndur af Íþrótt- og Ólympíusambandi Íslands, Anna Kristinsdóttir, borgarfulltrúi, tilnefnd af Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Albert Eymundsson, bæjarstjóri, tilnefndur af Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Gunnlaugur Birgir Gunnlaugsson,

varaformaður Fjölfnis, tilnefndur af Ungmennafélagi Íslands, Líney R. Halldórsdóttir, deildarstjóri í menntamálaráðuneyti, tilnefnd af Íþróttanefnd og Hanna Katrín Friðriksson, framkvæmdastjóri Háskólans í Reykjavík, án tilnefningar.



Frá vígslu Fjölbrotaskóla Snæfellinga þann 7. janúar. F.v. Susan Stuebing, ráðgjafi frá Bandaríkjunum, Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, menntamálaráðherra, Sturla Böðvarsson, samgönguráðherra, Elinborg Sturludóttir, sóknarprestur á Grundarfirði, og Kjartan Páll Einarsson, formaður skólanefndar fsn.

Fundur um breytta námsskipan til stúdentsprófs í Fjölbrotaskóla Snæfellinga

Menntamálaráðherra hélt fund með kennurum og stjórnendum Fjölbrotaskóla Snæfellinga um styttingu náms til stúdentsprófs þann 7. janúar sl. Á fundinn komu einnig fulltrúar nemendafélags og skólanefndar. Ráðherra kynti aforn um breytta námsskipan til stúdentsprófs og útskýrði hvernig tilhögun þeirrar framkvæmdar væri áætluð. Að loknu ávarpi ráðherra voru umræður, fundarmenn spurðu ýmissa spurninga og komu með margar gagnlegar ábendingar. Þessi fundur var sá fyrsti í röð funda sem ráðherra mun halda í framhaldsskólum landsins á næstu vikum vegna styttingar námstíma til stúdentsprófs.

